

Stærðir:	
Brúttó Flatarmál 1.hæðar	897,2 m²
Brúttó Flatarmál 2.hæðar	257,9 m²
Stærð lóðar	4.191,4 m²
Nýtingarhlutfall	0,28

Afstöðumynd
M = 1:500

Byggingarlýsing

Almennt:

Suðurtangi 1, Ísafjarðarbær (4200)
Landnúmer: L239652

Suðurtangi 1. er atvinnuhúsnæði sem skal hýsa starfsemi Brunavarna Ísafjarðarbæjar.
Húsnæðið skiptist upp í tvo hluta (A & B).

Húshluti A er á tveimur hæðum og hýsir inntaksrými, aðalinngang, starfsmannaaðstöðu, búningsklefa, skrifstofur yfirstjórnar og fyrirlestrarsal.
Stigahús / aðalstigi tengir saman hæðir í húshluta A. Í húsinu verður fólkslyfta sem er staðsett í stigahúsi.

Húshluti B er á einni hæð og hýsir bílasal, þvottaaðstöðu, viðgerðaraðstöðu, tæknirými, vara-afl og geymslur.
Milliloft er yfir hluta húshluta B.

Útveggir húshluta A eru staðsteyptir, einangraðir að utan og klæddir með málmklæðningum, litir samanber litaval aðalhönnuðar.

Útveggir húshluta B eru með burðarvirki úr límtré og klæddir með steinullarfylltum yleiningum, litir samanber litaval aðalhönnuðar.

Þak á húshluta A; Viðsnúið þak á járnrentri staðsteyptri þakplötu.
Þak á húshluta B; Burðarvirki úr límtré, klætt með steinullarfylltum yleiningum, litir samanber litaval aðalhönnuðar

Lóð er frágengin með malbiksyfirborði og trjábeðum / gróðurkerjum.
Önnur svæði á lóð eru með malaryfirborði og eða graslögð.
Botnplötur eru vélslípaðar.
Gólfhitalagnir eru í botnplötu bílasalar og jarðhæðar í húshluta A.

Burðarvirki:

Sökklar, botnplata A & B: Járnbent steinsteypa.
Milliplata A: Járnbent steinsteypa / forsteyptar einingar.
Útveggir A: Járnbent steinsteypa.
Útveggir B: Límtré og ásar.
Þakvirki A: Járnbent steinsteypa / forsteyptar einingar.
Þakvirki B: Límtré og ásar.

Klæðningar: Heitgalvaniseraðir vinklar með ál-leiðurum. Ál klæðningakerfi. Öll klæðningakerfi og festingar skulu burðarþolshönnuð.
Aksturshurðir: Aksturshurðir / iðnaðarhurðir skulu hannaðar / valdar með tilliti til notkunnar við aukið veðurálag.

Frágangur utanhúss:

Útveggir A: Útveggir eru staðsteyptir. Húsið er einangrað að utan með 120mm steinullar veggplötu. Útveggir eru klæddir með loftræstri málmklæðning í lit að vali aðalhönnuðar. Að innan eru veggir sandspartlaðir og málaðir.

Útveggir B: 170mm Steinullarfylltar YL-Einingar. Í lit að vali aðalhönnuðar.

Þak A: Þak er s.k. viðsnúið þak. Ásteypa / staðsteypa skal vera með vatnhalla a.m.k. 1:40, samanber vatnhallaplan aðalhönnuðar. 2 faldur eldsoðinn þakdúkur ofan á steypta plötu. Einangrað með XPS vatnsþolinni einangrun "Roofmate" eða sambærilegt, frágengin samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Ofan á einangrun komi síudúkur. Endanlegt yfirborð er gróf sjávarmöl með steinastærð samkvæmt leiðbeiningum burðarþolshönnuðar og / eða steinhellur.
Áfellur á þakkannti út lituðu áli. Yfirlit U-gilda á sniðum

Þak B: Burðarvirki þaks eru límtrésbitar. Ofan á límtré koma ásar úr stáli eða límtré. Ofan á þakása eru lagðar 170mm yleiningar.

Raflagnir: Lampar við aðal innganga eru innfelldir í skyggni. Lampar við aðrar dyr í útveggjum eru utanáliggjandi.

Gluggar og útihurðir: Gluggar eru ál/trégluggar sbr. teikningar og litaval aðalhönnuðar. Opnanleg fög eru með opnunarstillingu til loftunar. Allt gler er K-gler. Aksturshurðar sbr. teikningar aðalhönnuðar. Iðnaðarhurðar eru á brautum og geta tengst rafmagnsopnunarbúnaði. Iðnaðarhurðar skulu vera opnanlegar þrátt fyrir straumrof.
Allar útihurðar eru tengdar aðgangsstýrikerfi hússins.
Aðal inngangshurð er með rafbúnaði / opnunarbúnaði fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

Lóð: *Bílastæði og plan.*
Malbikuð og afmörkuð máluðum línum. 29 bílastæði eru á lóð, þar af er eitt fyrir fatlaða. Bílaplan utan við bílgeymslu er með snjóbræðslu. Bílaplan er malbikað, niðurföll með sandfangi eru í bílaplani.
Aðkomusvæði gesta og starfsmanna á lóð eru með snjóbræðslu.
Önnur svæði á lóð.
Svæði önnur en bílaplan verða ýmist óhreyfð eða lögð grasþökum.
Sorpgeymsla.
Sorptunnugerði er við norðvestur enda bílaplans. Sorptunnugerði er malbikað eða með steyptri botnplötu.
Raflagnir á lóð.
Raflýst skilti verða við aðkomu á lóð. Útiljós verður við aðalinngang, starfsmannainngang auk ljóss ofan við hverja iðnaðarhurð. Útiljós verður tengt sólúri í rafmagnstöflu.

Frágangur innanhúss:

Gólf: Í A hluta hússins verða eftirfarandi yfirborðsefni: Flísar, vynildúkur / vynilparket og epoxy-kvartz. Í B hluta er *Vélslípuð staðsteypt plata.*

Veggir: *Útveggir.*
Innra byrði steyptra útveggja er spartlað og málað í ljósum lit, samanber litaval aðalhönnuðar.
Í bílgeymslu hluta hússins eru veggásar sýnilegir. Innra byrði útveggjaeininga er hvítt að lit.
Innveggir.
Ei-60 veggur á milli húshluta (A/B) er 200 mm staðsteyptur veggur. Innnveggir sem eru hluti af burðarkerfi hússins eru 200mm staðsteyptir veggir. Aðrir milliveggir eru léttir veggir, byggðir upp af blikkstoðum, fylltir einangrun og klæddir tvöföldu gipsi beggja vegna. Bakvið innréttingar og annað sem krefst aukins halds er settur 12 mm krossviður bakvið gips í stað innra gipslags.

Loft: Loft í bílgeymslu eru með sýnilegum þakásum. Innra byrði þakeininga er hvítt að lit. Loft í húshluta A eru almennt niðurtekin kerfisloft.

Rafmagn: *Raflagnir:*
Rafmagnstafla uppsett með mæli. Stærð heimtaugar ákvarðast út frá samanlagðri aflþörf, samanber minnisblað / áætlun frá raflagnahönnuði.
Búnaður:
Kerfi og búnaður skulu valin með tilliti til orkunotkunnar og skal leitast við að velja búnað sem er orkusparandi.
Útiljós skulu tengd sólúri í töflu.
Í húsinu verður aðgangsstýrikerfi.
Í húsinu verður ljósastýringakerfi.
Í húsinu verður viðurkennt brunaviðvörunarkerfi.
Í húsinu verður öryggiskerfi.
Í húsinu verður myndavélakerfi.

Hitalögn: Hitalagnir eru í botnplötu hússins. Hitalögn tengd við dreifikistur.
Í bílgeymslu verður möguleiki að tengja hitablásara sem verða staðsettir við aksturshurðar.
Efri hæð A hluta verður hituð með ofnakerfi.
Tryggja skal að hiti á neysluvatni við átöppunarstað verði ekki hærri en 43°C

Loftræsing: Almennt eru rými í A hluta hússins með "náttúrulegri loftræstingu" en gluggalaus/lokuð rými verða með vélrænni loftræstingu.
Loftræsting B hluta verður annars vegar hefðbundið vélrænt loftræstikerfi með varmanýtingarbúnaði og hinsvegar útsogskerfi þar sem afgas tækja í bílgeymslusal verður fangað.

Brunahönnun, almennt:

Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun Glóru dags. 15. desember 2025.

Notkunarflokkur
Í byggingunni verður slökkvistöð og er því í notkunarflokki 1.

Notkunarskilmálar
Tækjasalur er ætlaður til geymslu á bílum og tækjum slökkviliðs.
Hámarksfjöldi í fyrirlestrarsal á 2. hæð er 50 manns.
Brunaálag í byggingunni skal vera undir 800 MJ/m2.

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi samkvæmt leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð kerfisins ásamt yfirlitsmynd kerfisins er við starfsmannainngang. Við stjórnstöð er hægt að opna rafdrifnar reyklúgur í tækjasal og stigahúsi.

Handslökkvibúnaður
Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett í samráði við eldvarnareftirlit.
Í eldhúsi skal vera eldvarnateppi.

Reyklosun
Tvær reyklúgur verða til reykræsingar úr tækjasal a.m.k. 1 m² hver. Stigahús er reykræst um opnanlegt fag. Reykræsting verður opnanleg handvirkt með rofa við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Í byggingunni verða út-ljós og neyðarlýsing skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.
Flóttaleiðalýsing (escape route lighting) 1 lúx skal vera almennt í húshluta A.
Neyðarlýsing 5 lúx í stigum og við öryggisbúnað s.s. handslökkvibúnað, stjórnstöð o.þ.h..
Svæðislýsing (open area lighting) (0,5 lúx) skal vera í tækjasal, þvottaaðstöðu og verkstæði.
Neyðarlýsing (15 lúx) verður í tæknirýmum.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir skv. teikningum. Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá (í flóttaátt) án lykils eða verkfæra.
Hurðir í flóttaleið frá fyrirlestrarsal, að stigahúsi og frá móttöku skulu hafa neyðarhún skv. ÍST EN 179.

Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1.
Klæðningar innanhúss verða K210 B-s1, d0 (flokkur 1).
Gólfefni á flóttaleiðum verða í flokki Dfl-s1 (flokki G).

Útveggir og þök
Utanhúss klæðningar verða almennt úr óbrennanlegum efnum með óbrennanlegri einangrun.
Þakklæðning í flokki í flokki (B(roof) (t2) skv. ÍST EN 13501-5 (flokki T).

Brunahólfun
Brunahólfun skv. teikningum.
Tækjasalur myndar sérstakt brunahólf með EI60 veggjum, EW60 gler og EI260-CSm hurðum að starfsmanna- og skrifstofuhluta.
Tæknirými í tækjasal myndar sérstakt brunahólf með EI60 veggjum og EI230-CSm hurðum.
Stigahús er sér brunahólf með EI60 veggjum, EW30 gler og EI2 30-CSm hurðum.
Geymsla á 2. hæð myndar EI60 brunahólf með EI2 30-CSm hurðum.
Hæðarskil verða REI60.
Þakplata yfir skrifstofuhluta er steinsteypt og uppfylla a.m.k. REI60.

Loftræsikerfi
Bruna- og reyklokur verða í brunahólfandi skilum.
Loftinnblástur skal stöðvast og bruna og reyklokur loka við reykboð frá loftinntaki eða brunaviðvörunarkerfi.

Burðarvirki
Meginburðarvirki byggingarinnar skulu uppfylla a.m.k. R60. Burðarvirki stiga verða R30.
Hæðaskil verða REI60.

Viðhald brunavarna
Gerður verður þjónustusamningur um eftirlit og viðhald á brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsingu, reyklosunarlúgum og handslökkvibúnaði.
Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna í samræmi við reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði .

-

BR.	DAGS.	BREYTING	REIKN. TEIKN.

GLÓRA
HÖNNUN I RÁÐGJÖF I ÁÆTLANIR
Þorleifur Björnsson 030673 3799
Byggingafræðingur BFÍ
Iðavellir 9a 230 RNB
Sími: 780 4400
Netfang: www.glora.is
Póstfang: thb@glora.is

SLÖKKVISTÖÐ SUÐURTANGA
ÍSAFJÖRÐUR

AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING OG BRUNATEXTI.
STÆRÐIR OG NÝTINGARHLUTFALL

HANNAÐ/TEIKN. ÞORLEIFUR
ATH.
KT.
KVARÐI SJÁ TEIKN
REYKJAVÍK 2025-12-15
VERKNR.
BR.
A-100